

# Spariland



- 1 **Krónustapar**  
Stapar sem mynduðust úr öllum krónu-peningunum sem Bibí og Blaki höfðu safnað frá því að þau voru lítil.
  - 2 **Skuggahellir**  
Heimili Blaka.
  - 3 **Skýjaborg**  
Heimili Ara.
  - 4 **Kuðungur númer 17**  
Heimili Bibíar.
  - 5 **Baukur**  
Þú getur safnað pen-ingum í Baukinn og látið drauma þína rætast.
  - 6 **Silfra**  
Lítill tjörn þar sem íbúar Sparilands synda og skemmta sér.
  - 7 **Krónublóm**  
Falleg blóm sem vaxa bara í Sparilandi. Þau þarfnast umhyggju á hverjum degi.
  - 8 **Aurskriða**  
Hæsta fjall Sparilands.
  - 9 **Ávaxtatré**  
Þar vaxa ljúffengir ávextir.
  - 10 **Peningatré**  
Við vitum samt öll að peningar vaxa ekki á trjámum!
  - 11 **Rjómatoppur**  
Endalaus uppspretta rjóma.





Mér finnst gaman  
að setja mér markmið. Ég  
er að safna mér fyrir  
bananaplöntu. En þú?

# Spariland

Arion banki

## Velkomin í Spariland

Spariland er ævintýrlegur heimur þar sem þú getur lært eitthvað um peninga og sparnað. Í Sparilandi búa óvenjulegar verur, eins og til dæmis sparigrísir og sparifé, og þar blómstra framandi plöntutegundir. Þar er líka stórt fjall sem heitir Krónustapi og glitrandi tjörn sem heitir Silfra.

Í Sparilandi er yfirleitt spariveður, en stundum kemur alveg svakaleg rigning, sem hjálpar krónublómunum og peningatrjánum að vaxa.

Vinirnir Bíbí, Blaki og Ari búa í Sparilandi og lenda þar í ýmsum ævintýrum. Þau hjálpa þér að læra að nota peninga til að láta drauma rætast.

Í gamla daga voru kindur notaðar í staðinn fyrir peninga. Kindur eru fé og þess vegna eru peningar stundum kallaðir fé.

Ætli fólk hafi ekki þurft miklu stærri sparibauka þá?



Hægt er líka að nota peninga til að gera ýmislegt, til dæmis fara í sund eða strætó. Eða kannski skella sér í bíó. Stundum getur reyndar verið einum of auðvelt að eyða peningunum sínum og þeir virðast klárast fljótt. Það getur verið freistandi að kaupa eitthvað sem maður þarf ekki og langar kannski ekki einu sinni í. Ef ætlunin er að fara vel með peningana er mikilvægt að hugsa sig vel um áður en þeim er varið. Stundum er sniðugt að sleppa því að kaupa sér eitthvert smáræði í dag og safna frekar lengur fyrir einhverju sem mann langar virkilega mikið í.

Svo má ekki gleyma því að hægt er að nota peninga til að kaupa gjöf handa einhverjum sem þér þykir vænt um, eða gefa þá til góðgerðarmála.

Hverjum langar þig til að hjálpa?

Ég veit að það getur borgað sig að bíða eftir því sem mig langar virkilega í.

Ef maður er að spara fyrir einhverju spennandi getur það beinlínis verið skemmtilegt því að þá er eitthvað til að hlakka til.



## Spára, gefa eða nota?

Gera má ýmislegt við peninga. Hægt er að spara þá, gefa eða nota til að kaupa eitthvað.

Það er sniðugt að setja sér markmið og spara fyrir einhverju ákveðnu, einhverju sem þig langar mjög mikið í. Með þolinmæði og jákvæðni að leiðarljósi getur þú safnað þér fyrir ótrúlegustu hlutum. Kannski viltu safna þér fyrir nýju dóti, hjólaskautum eða jafnvel gæludýri. Athugaðu samt að giraffar kosta mjög mikið og þess vegna gæti tekið mjög langan tíma að safna fyrir þeim. Þeir eru auk þess ekkert sérstaklega hentug gæludýr því að þeir eru með svo langan háls.